Fjármálaráðuneytið

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/169
komudagur 20.11.2006

16.11.2006

# Tillögur um tekjubreytingar við 2. umr. fjárlagafrv. 2007

**1.1.1** **Skattar á tekjur og rekstrarhagnað einstaklinga** **1.500,0**

1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Gert er ráð fyrir að áhrif aðgerða til að lækka matarskatt leiði til þess að tekjuskattur einstaklinga hækki vegna minna atvinnuleysis og aukinnar eftirspurnar.

**1.5.1.1** **Tekjuskattur, lögaðilar** **5.000,0**

1.5.1.1.1 Tekjuskattur, lögaðilar

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Áætlaðar tekjur af tekjuskatti lögaðila eru hækkaðar um 5 milljarða króna. Ástæða þessa er endurmat í kjölfar álagningar Ríkisskattstjóra árið 2006 sem var hærra en gert hafði verið ráð fyrir.

**1.10.2** **Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði** **1.325,0**

1.10.2.1 Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Áætlað er að fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði hækki, annars vegar vegna hærri vaxtatekna en áður var gert ráð fyrir vegna lántöku ríkissjóðs til eflingar gjaldeyrisforða landsins og hins vegar vegna hærri arðgreiðslna frá Landsvirkjun. Auk þessa var stofn til fjármagnstekna vanmetinn í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 og er það nú leiðrétt.

***Samtals skattar á tekjur og hagnað 7.825,0***

**2.2.1.1** **Tryggingagjald, almennt** **0,0**

2.2.1.1.17 Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs

*Endurmat fagráðuneytis*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að dregið úr ráðstöfun ríkistekna til fjármögnunar á útgjöldum sem nemur 0,2 m.kr. vegna lækkunar á verðbólguspá úr 4,5% í 3%. Einungis er um að ræða breytingu á nýtingu teknanna á árinu en áætlun um álagningu og innheimtu teknanna er óbreytt eftir sem áður.

**2.2.1.1** **Tryggingagjald, almennt** **0,0**

2.2.1.1.17 Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs

*Endurmat fagráðuneytis*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að dregið verði úr ráðstöfun á mörkuðum tekjum til fjármögnunar á Fæðingarorlofssjóði um 200 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Endurskoðuð áætlun bendir til að útgjöld sjóðsins lækki sem því nemur á næsta ári frá því sem reiknað var með í frumvarpinu. Áætlun um tekjur sjóðsins af hlutdeild í tryggingargjaldi er óbreytt eftir sem áður.

**2.2.1.5** **Atvinnutryggingargjald** **0,0**

2.2.1.5.1 Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi

*Endurmat fagráðuneytis*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að dregið úr ráðstöfun ríkistekna til fjármögnunar á útgjöldum sem nemur 1,4 m.kr. vegna lækkunar á verðbólguspá úr 4,5% í 3%. Einungis er um að ræða breytingu á nýtingu teknanna á árinu en áætlun um álagningu og innheimtu teknanna er óbreytt eftir sem áður.

# Tillögur um tekjubreytingar við 2. umr. fjárlagafrv. 2007

**2.2.1.5 Atvinnutryggingargjald** **0,(**

2.2.1.5.1 Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi

*Endurmat fagráðuneytis*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að dregið verði úr ráðstöfun á mörkuðum tekjum til fjármögnunar á Atvinnuleysistryggingasjóði um 820 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Áætlað er að útgjöld sjóðsins lækki sem því nemur á næsta ári þar sem nú er spáð að atvinnuleysi verði 1,9% af vinnuafli en í frumvarpinu var reiknað með að það yrði 2,3%. Áætlun um tekjur sjóðsins af hlutdeild í atvinnutryggingargjaldi er óbreytt eftir sem áður.

***Samtals tryggingagjöld 0,0***

**3 Skattar á launagreiðslur og vinnuafl** **0,0**

3.2 Ábyrgðargjald vegna launa

*Endurmat fagráðuneytis*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að dregið verði úr ráðstöfun á mörkuðum tekjum til fjármögnunar á Ábyrgðasjóði launa um 150 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Endurskoðuð áætlun bendir til að útgjöld sjóðsins lækki sem því nemur á næsta ári frá því sem reiknað var með í frumvarpinu. Áætlun um tekjur sjóðsins af ábyrgðagjaldi er óbreytt eftir sem áður.

***Samtals skattar á launagreiðslur og vinnuafl 0,0***

**4.5.2.1 Sértækir eignarskattar á fasteignir** **325,0**

4.5.2.1.10 Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins

*Endurmat fagráðuneytis*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að innheimta umsýslugjalds til fjármögnunar á Landskrá fasteigna rynni út í lok þessa árs í samræmi við ákvæði gildandi laga. Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, er nú gert ráð fyrir að umsýslugjald verði framlengt til ársins 2008 og er sá liður því tekinn inn í tekjuáætlunina að nýju.

***Samtals eignarskattar 325,0***

**5.1.1 Almennir veltuskattar** **-12.000,0**

5.1.1.1 Virðisaukaskattur

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Í aðgerðum til að lækka matvælaverð o.fl. er gert ráð fyrir að öll matvæli beri 7% virðisaukaskatt. Auk þess er áætlað að virðisaukaskattur af annarri þjónustu og vörum í 14% þrepi lækki í 7%. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar taki gildi 1. mars 2007 og lækki tekjur af virðisaukaskatti um 12 milljarða króna.

**5.1.2.1.1 Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum** **-450,0**

5.1.2.1.1.1 Vörugjald af innfluttum vörum

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að vörugjöld af matvælum, öðrum er sykri og sætindum, verði felld niður frá 1. mars 2007. Áætlað er að tekjur af vörugjöldum lækki um 450 milljónir króna vegna þessa.

# Tillögur um tekjubreytingar við 2. umr. fjárlagafrv. 2007

**5.1.2.1.5 Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu -15,0**

5.1.2.1.5.1 Vörugjald, almennt af innlendri framleiðslu

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Áætlaðar tekjur af vörugjöldum af innlendri framleiðslu lækka vegna afnáms vörugjalda af matvælum, öðrum en sykri og sætindum, frá 1. mars 2007.

**5.1.2.1.30 Sérstakt vörugjald af bensíni 0,0**

5.1.2.1.30.1 Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinnar

*Endurmat fagráðuneytis*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að dregið úr ráðstöfun ríkistekna til fjármögnunar á útgjöldum sem nemur 172,9 m.kr. vegna lækkunar á verðbólguspá úr 4,5% í 3%. Einungis er um að ræða breytingu á nýtingu teknanna á árinu en áætlun um álagningu og innheimtu teknanna er óbreytt eftir sem áður.

**5.1.2.1.50 Áfengisgjald 3.760,0**

5.1.2.1.50.1 Áfengisgjald af innfluttu áfengi

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Gert er ráð fyrir að virðisaukaskattur á áfengi lækki úr 24,5% í 7%, m.a. til að einfalda skil veitingahúsa á virðisaukaskatti. Ekki á þó að lækka útsöluverð áfengis og á hækkað áfengisgjald að vega upp lækkun virðisaukaskattsins.

**5.1.2.1.50 Áfengisgjald 37,6**

5.1.2.1.50.55 Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Gert er ráð fyrir að áfengisgjald hækki á móti lækkun virðisaukaskatts á áfengi. Við það hækkar hlutur Forvarnarsjóðs.

**5.1.2.1.50 Áfengisgjald 3,0**

5.1.2.1.50.60 Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Gert er ráð fyrir að áfengisgjald hækki á móti lækkun virðisaukaskatts á áfengi. Við það hækkar hlutur áfengiseftirlitsgjalds til Ríkislögreglustjóra.

**5.1.2.1.50 Áfengisgjald 8,3**

5.1.2.1.50.65 Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Gert er ráð fyrir að áfengisgjald hækki á móti lækkun virðisaukaskatts á áfengi. Við það hækkar hlutur áfengiseftirlitsgjalds til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

**5.1.2.20 Sértækir þjónustuskattar 0,0**

5.1.2.20.40 Brunavarnargjald

*Endurmat fagráðuneytis*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að dregið úr ráðstöfun ríkistekna til fjármögnunar á útgjöldum sem nemur 0,7m.kr. vegna lækkunar á verðbólguspá úr 4,5% í 3%. Einungis er um að ræða breytingu á nýtingu teknanna á árinu en áætlun um álagningu og innheimtu teknanna er óbreytt eftir sem áður.

**5.2.2.25.1 Ýmis leyfi -50,0**

5.2.2.25.1.25 Veiðigjald fyrir veiðiheimildir

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Uppistaðan í veiðigjaldi hvers árs byggist annars vegar á fjárhæð gjaldsins á hvert þorskígildiskíló sem er reiknað út skv. lögum um stjórn fiskveiða og ákveðið í júlí ár hvert og hins vegar á leyfilegum heildarafla á komandi fiskveiðiári. Í frumvarpi til fjárlaga voru gerð mistök við skiptingu veiðigjaldsins milli ára sem nú eru leiðrétt.

# Tillögur um tekjubreytingar við 2. umr. fjárlagafrv. 2007

**5.2.2.25.5 Skráningargjöld** **0,0**

5.2.2.25.5.34 Skráningargjöld ökutækja

*Endurmat fagráðuneytis*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að dregið úr ráðstöfun ríkistekna til fjármögnunar á útgjöldum sem nemur 2,7 m.kr. vegna lækkunar á verðbólguspá úr 4,5% í 3%. Einungis er um að ræða breytingu á nýtingu teknanna á árinu en áætlun um álagningu og innheimtu teknanna er óbreytt eftir sem áður.

**5.2.2.30 Ýmis eftirlitsgjöld** **0,0**

5.2.2.30.20 Lyfjaeftirlitsgjald

*Endurmat fagráðuneytis*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að dregið úr ráðstöfun ríkistekna til fjármögnunar á útgjöldum sem nemur 0,5 m.kr. vegna lækkunar á verðbólguspá úr 4,5% í 3%. Einungis er um að ræða breytingu á nýtingu teknanna á árinu en áætlun um álagningu og innheimtu teknanna er óbreytt eftir sem áður.

**5.2.2.30 Ýmis eftirlitsgjöld** **0,0**

5.2.2.30.75 Rekstrargjald vegna starfsemi á sviði póst- og fjarskipta

*Endurmat fagráðuneytis*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að dregið úr ráðstöfun ríkistekna til fjármögnunar á útgjöldum sem nemur 1,4 m.kr. vegna lækkunar á verðbólguspá úr 4,5% í 3%. Einungis er um að ræða breytingu á nýtingu teknanna á árinu en áætlun um álagningu og innheimtu teknanna er óbreytt eftir sem áður.

***Samtals skattar á vörur og þjónustu -8.706,1***

**8.2.2 Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum** **200,0**

8.2.2.27 Landsvirkjun hf.

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Ríkissjóður hefur keypt alla hluti í Landsvirkjun en við það tvöfaldaðist eignahlutur ríkisins. Því er gert ráð fyrir að tekjur af aðrgreiðslum Landsvirkjunnar aukist í samræmi við það.

**8.3 Aðrar eignatekjur** **3.415,0**

8.3.7 Aðrar vaxtatekjur

*Ofáætlað*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að taka erlent lán til að efla gjaldeyrisforða landsins. Það mun gert með opinberri skuldabréfaútgáfu í lok árs og mun andvirði útgáfunnar leggjast inn á sérstaka innlánsreikninga ríkissjóðs í Seðlabankanum. Gert er ráð fyrir að vaxtatekjur ríkissjóðs aukist um 3,4 milljarða króna vegna þessa.

***Samtals arðgreiðslur og leigutekjur 3.615,0***

***Samtals alla tekjuliði 3.058,9***